

## 15. Fundargerð skólanefndar

<b>Mættir:</b>	Flosi Eiríksson, Kolbeinn Óttarsson Proppé Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Þóra Elfa Björnsson og Andrés Pétursson. Þar að auki tók Finnur Beck þátt í fundinum í gegnum síma.
<b>Forfallaðir:</b>	Guðrún Möller fulltrúi foreldra og Hilma Friðriksdóttir fulltrúi nemenda.
<b>Staður:</b>	Þjónarými
<b>Tími:</b>	Kl. 12:00-13:00
<b>Dags.:</b>	15. desember 2015

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn.	FE	
1.	<b>Ríkisendurskoðun, ársreikningur MK 2014</b>	MF	10 mín
	Skólameistari lagði fram skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ársreiknings MK 2014. Skýrslan er mjög jákvæð fyrir MK og fagnar skólanefnd MK þeirri fagmennsku sem stjórnendur skólans sýna varðandi rekstur skólans. Ljóst er að ISO vottun skólans hjálpar til varðandi þau mál.		

2.	<b>Rekstraráætlun 2016</b>	<b>MF</b>	40 mín
	<p>Skólameistari lagði fram drög að rekstraráætlun fyrir árið 2016. Áætlunin gerir ráð fyrir verulegum rekstrarvanda. Skólameistari upplýsti að viðræður við yfirvöld hafa ekki skilað neinum árangri. Afturvirkar launahækkanir kennara til apríl hafa sett allar forsendur úr skorðum og engar fjárheimildir hafa fylgt þessum viðbótarákvæði kjarasamnings. Fjárheimildir í fjárlagafrumvarpi 2016 duga vart fyrir launum. Skólanefndin og stjórnendur skólans eru í mjög þröngri stöðu í þessari áætlunargerð. Eftirfarandi bókun var samþykkt;</p> <p><b>„Skólanefnd MK lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjárhagsstöðu skólans. Ekki hefur verið gert ráð fyrir auknum framlögum til skólans í kjölfar kjarasamninga við kennara. Ef ekki koma til auknar fjárheimildir er ljóst að skólanefnd getur ekki annað en lagt til að námsframboð verði skorið niður og gripið til uppsagna starfsfólks.“</b></p>		
3.	<b>Önnur mál</b>	<b>MF</b>	
a.	Skólameistari sagði frá útskrift frá skólanum föstudaginn 18. desember frá Digraneskirkju. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. 60 stúdentar, 40 iðnnemar, 16 meistarar og 10 matartæknar útskrifist frá skólanum.		
b.	Skólameistari sagði frá tilraunaverkefni næstu vorönn fyrir nemendur af erlendum uppruna. Þórdís Þórisdóttir náms- og starfsráðgjafi stýrir verkefninu. Rótarýklúbburinn Borgir styrkir þetta verkefni. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með þetta framtak og sendir Þórdísi og Rótarýklúbbnum þakklæti sitt.		
c.	Umræða um nýtt kerfi varðandi annarlök. Ekki er lengur		

	neinn sérstakur prófatími og hefur það mælt misjafnlega vel fyrir bæði hjá kennurum og nemendum. Fagstjórar hafa sent inn beiðni um sérstakan prófatíma fyrir 42 af 252 fögum í skólanum á vorönn. Nefndin sammála að skólinn þurfi að sýna ákveðin sveigjanleika á meðan verið er að innleiða svona breytingar inn í skólastarfið.		
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:05	<b>FE</b>	

Andrés Pétursson ritaði fundargerð

*Uppfært fimmtudagur, 03 nóvember 2016 17:16*